

29. september 1983

1169

Nr. 645

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt
með síðari breytingum.

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 27. tl., svohljóðandi:
Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá
o. fl., með síðari breytingum:

84.11.41	Heyblásarar
úr 84.17.22	Mjólkurkælar
úr 84.20.10	Fjárvogir
84.22.31	Heyblásarar (til að færa hey)
84.23.61	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar
84.24.10	Plógar
úr 84.24.20	Áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar
84.24.31	Herfi
úr 84.24.40	Valtarar og flagjafnarar
84.25.31	Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar
84.25.32	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
84.25.33	Rakstrar- og snúningsvélar
úr 84.25.39	Múgavélar, rúllubindivélar og heybindivélar
84.25.41	Flokkunarvélar
84.26.10	Mjaltavélar
85.07.01	Fjárklippur
87.14.21	Vagnar búnir tækjum til losunar og/eða lestunar á heyi
87.14.22	Vagnar búnir tækjum til áburðardreifingar
87.14.23	Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1961 um söluskatt með
áorðnum breytingum, öðlast gildi frá og með 1. október 1983.

Fjármálaráðuneytið, 29. september 1983.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.
B 148